



Þó nokkur hópur fólks mætti í skiðabrekkurnar í Bláfjöllum í gær til þess að gleðja sig eftir ótíð undanfarinna daga. Þar var enda logn og bliða, sólarglenna og skiðfærið hreint þokkalegt. Nú hækkar sól á lofti og þá er oft besti tíminn framundan til vetrarútivistar. Þessi brettakappi sýndi fin tilþrif í brekkunni þótt sólgleraugin hafi reyndar fokið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ótímabundið verkfall Eflingar hafið

Um 1.800 félagsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg hófu á miðnætti ótímabundið verkfall. Mest verða áhrifin á leikskóla og matarþjónustu grunnskóla. Efling boðar til samstöðu- og baráttufundar í Iðnó í dag en enn hefur ekki verið boðað til fundar í deilunni.

**KJARAMÁL** Ótímabundið verkfall um 1.800 félagsmanna Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg hófst á miðnætti. Enn hefur ekki verið boðað til næsta fundar í deilunni.

Deiluaðilar hafa nú ekki fundað í tíu daga en lögum samkvæmt verður að boða til fundar innan tveggja vikna frá síðasta fundi.

„Við skynjum mikinn meðbyr og stuðning. Við skynjum það líka að þessi umræða um vinnu fólks og mat

á störfum er að opnast,“ segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar.

Það hafi verið áhugavert að hlusta á umræðuþætti helgarinnar því fólk sé farið að nálgast umræðuna á annan hátt. „Það er bara bein afleiðing af þessari baráttu okkar. Þótt við eigum auðvitað eftir að sjá hverju hún skilar þá held ég að við höfum galopnað þessa umræðu.“

Eins og í tímabundnu verkföll-

unum undanfarnar tvær vikur mun áhrifanna mest gæta á leikskólum borgarinnar. Einnig verður matarþjónusta í grunnskólum skert og á annað þúsund notendur velferðarþjónustu munu verða fyrir áhrifum.

Þá skerðist þjónusta við borgarlandið þar sem hreinsun verður ekki sinnt. Starfsmenn borgarinnar sinntu sorphirðu um helgina en það var gert bæði vegna slæms veðurs að undanförunu og komandi verkfalls.

**Við skynjum það líka að þessi umræða um vinnu fólks og mat á störfum er að opnast.**

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

Aðspurður segir Viðar að viðbrögð við undanþágubeiðnum og verkfallsvarsla verði með sambærilegum hætti og verið hefur. „Það hefur ekki verið mikið um verkfallsbrot en það hefur sýnt sig að verkfallsvarsla er nauðsynleg.“

Efling boðar til samstöðu- og baráttufundar í Iðnó í dag klukkan 13. Félagsmenn, foreldrar og aðrir stuðningsmenn eru hvattir til að mæta og taka börnin með. -sar

## Disney ætlar sér stóra hluti

**MENNING** Harðnandi samkeppni er á bandaríska streymismarkaðnum. Disney mun væntanlega veita Netflix hvað hörðustu samkeppnina en streymisveitum fer enn fjölgandi.

Bandarísku efnisveiturnar sækja í sífellt meira mæli á alþjóðamarkað og er þjónusta Disney væntanleg á Íslandi á árinu.

Stjórnvöld hafa kynnt breytingar á lögum um fjölmiðla í samræmi við tilskipanir ESB sem myndi þýða að 30 prósent af framboði myndefnis skuli vera evrópskt.

Í frumvarpsdrögum er einnig að finna ákvæði um lögsögureglur. Þar er fjallað um upprunaland fjölmiðlaþjónustu og hvernig bregðast skuli við efni sem sjónvarpað er frá einu ríki en beint til notenda í öðrum ríkjum. -ds/sjá síðu 8.



HAFÐU SAMBAND ☎ 511 5008

Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns

**TORT**

INNHEIMTA SLYSABÓTA

## Hundar dansa


**LÍFIÐ** Íslenski dansflokkurinn leit nú að þremur hundum til að taka þátt í verkinu Rhythm of Poison sem frumsýnt verður í lok mánaðarins. Hlynur Páll Pálsson, framkvæmdastjóri dansflokksins, segir að ekki sé gerð krafa um að hundarnir séu dansmenntaðir.

„Við segjum aldrei nei við góðum hugmyndum frá samstarfsfólki okkar en danshöfundur verksins, hún Elina Pirinen, er mikill dýravínur og hún er sannfærð um að þátttaka þriggja hunda í sýningunni eigi eftir að lyfta verkinu á annað plan,“ segir Hlynur.

Þó verði, öryggisins vegna, smáhundar útilokaðir frá þátttöku og því aðeins leitað eftir meðalstórum og stórum hundum.

Annars eru gert skilyrði um að hundarnir séu vingjarnlegir, ófeimnir og að þeim líði vel í margmenni. -ssp/sjá síðu 22.






TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# HRAÐASMURNINGAR

Sértilboð á smurþjónustu hjá öllum viðurkenndum þjónustuaðilum  
Toyota á Íslandi, dagana 17.–28. febrúar.



UMHVERFISVERDLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Sértilboð á olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmí, perum, rúðuvökva, frostlegi, Adblue og vinnusölu.\*

## Engin vandamál – bara lausnir

● Toyota Kaupúni	— Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
● Toyota Akureyri	— Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
● Toyota Selfossi	— Fosnesi 14	Selfossi	480 8000
● Toyota Reykjanesbæ	— Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420 6610
● Arctic Trucks	— Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
● Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	— Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
● Nethamar	— Garðavegi 15	Vestmannaeyjum	481 1216
● Bílatangi	— Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
● Bifreiðaverkstæði KS	— Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
● Bílaleiga Húsavíkur	— Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
● Bílaverkstæði Austurlands	— Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
● Bílageirinn	— Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

\*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.







HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING  
KOIL  
LUXURY  
CAPRICE

# KING KOIL

## 2020 LÍNAN



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU  
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.



## SJÓN ER SÖGU RÍKARI





ALLAR PIZZUR AF MATSEDLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 17.-23. FEB. 2020

DOMINOS.IS | 58 12345 | DOMINO'S APP





Way of Life!

# SUZUKI S-CROSS ÖRUGGUR FERÐAFÉLAGI

Hönnuðir Suzuki hafa náð að sameina þægindi fólksbíls og öryggi jeppans í Suzuki S-Cross. Fjór hjóladrifið og mikil veghæð gera hann öruggan og rásfastann, mikið afl og skemmtilegir aksturseginnleikar gera Suzuki S-Cross ótrúlega þægilegan borgarbil.

Suzuki S-Cross er sérlega rúmgóður og með ríkulegan staðalbúnað.

4X4

SUZUKI S-CROSS ER  
FJÓRHJÓLADRIFINN

VERÐ FRÁ KR.

4.490.000



FLUTT MEÐ  
EIMSKIP

## Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

**Akureyri:** Bílaríki, Glerárgötu 36. **Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9. **Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

**Vestmannaeyjar:** Bílaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20.



• Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100









MÁNUDAGUR 17. FEBRÚAR 2020

Lífsstíll



Hjónin Hrannar Hólm og Halla Benediktsdóttir segja Kaupmannahöfn vera lifandi, afslappaða og frábæra borg sem endalaust sé hægt að kanna.

# Leiða Íslendinga um kóngsins Köbenhavn

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Hjónin Halla Benediktsdóttir og Hrannar Hólm hafa verið búsett í Kaupmannahöfn um árabíl. Þau hafa verið saman í hartnær 40 ár og vita fátt skemmtilegra en að kanna þessa merkilegu borg og kynna hana fyrir öðrum.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is



Óhætt er að fullyrða að hjónin Halla Benediktsdóttir og Hrannar Hólm séu samstíga í lífinu. „Við fæddumst bæði og ólumst upp í Keflavík,“ segir Hrannar. „Halla er umsjónarmaður Jónshúss og hefur verið síðan 2015 og ég starfa sem ráðgjafi í viðskiptaþróun, leiðsögumaður og þjálfari í kórfulbolta.“

Heilluð af hygge og mannlífi

„Við höfum áhuga á fjölskyldu, vinnu og lífinu og eigum tvö börn, þau Helenu Brynju og Helga Benna en þau eru bæði uppkomin og búa í Kaupmannahöfn,“ segir Halla. „Við kynntumst fyrir alvöru árið 1983 og höfum verið saman síðan, í 37 ár. Kynntumst einfaldlega af því að við vorum bæði unglingar í Keflavík á sama tíma. Þá er eiginlega útilokað að kynnast ekki.“ Halla og Hrannar hafa búið í Kaupmannahöfn í rúman áratug þrátt fyrir að það hafi ekki upp-

haflega verið áætlunin. „Það var árið 2009, vegna starfa Hrannars hjá félaginu Capacent, sem á þeim tíma var með mikla starfsemi í Kaupmannahöfn. Ætluðum að vera í þrjú til fimm ár, en þau eru nú að verða ellefu, og ekki sér fyrir endann á dvölinni,“ segir Halla.

Ástæðurnar fyrir langdvölinni eru ótalmargar. „Lífið í borginni, afslappaður lífstíllinn, lífsgæðin, hygge, mannlífið, fjölbreytileikinn, gerólik hverfin, vera laus við bílinn, hjólameningin, hefðirnar, julefrokost, útiveran, baðstrend-

urnar og bátarnir á sumrin, göt-urnar, byggingarnar, sagan, söfnin, maturinn, vertshúsin, árstíðirnar, samfélag Íslendinga í borginni, tenging Íslands við borgina, Jónshúsi. Eiginlega allt. Kaupmannahöfn er frábær borg.“

**Vildu kynnast borginni betur**

Þau segja skoðunarferðirnar um Kaupmannahöfn hafa byrjað eftir að Halla var ráðin til starfa í Jónshúsi. „Við byrjuðum fljótlega eftir

**Framhald á síðu 2** ➔



























# Það er hægt að fjarlægja háræðaskemmdirnar

Viltu græja þetta fyrir sumarið?

Ef þú byrjar meðferð núna í febrúar þá verður ferlinu lokið tímanlega fyrir sumarið

Það þarf yfirleitt 3 meðferðir til að loka skemmdu háræðunum endanlega.

4 vikur þurfa að líða milli meðferða.

Besta gjöfin til þín sjálfs



## Náttúrleg viðgerðarmeðferð með stofnfrumuhvötum frá USA

Snyrtistofan Hafblik sérhæfir sig einnig í langtíma viðgerðarmeðferðum á andliti þar sem húð er markvisst byggð upp á 100% náttúrlegan hátt án inngripa nála eða skurðhnífa. Þetta er margþætt viðgerðarmeðferð þar sem notuð er m.a. örtækni með stofnfrumuhvata. Það gerir það af verkum að starfsemi og frumuendjurnýjun húðar er stórefld með því að koma stofnfrumuhvötum, kollageni, elastíni og vítamínum djúpt ofan í órofna húðina með nýjustu hágæða örtækni og fráhrindikrafti súrefnis.



Raunveruleg viðgerð á húð fæst einungis með langtíma markvissum viðgerðarmeðferðum þar sem uppbyggingin á sér stað yfir nokkrar vikur á hnitmiðaðan hátt. Húðin þín og starfsemi hennar verður miklu sterkari, unglegri og heilbrigðari eftir meðferðarkúrinn og heldur áfram að vinna á þessum aukna hraða í fleiri mánuði á eftir.

**Við höfum með þessum aðgerðum náð undraverðum árangri sem við erum stolt af og viljum koma á framfæri til allra þeirra sem vilja njóta og með sannri eldast með reisu.**



Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

**Snyrtistofan Hafblik**





# Upphaf nýrra **drauma!**



## Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.  
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.  
Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.





# Öskudagsbúningar!

Úrvalið hefur aldrei verið meira. Stútfull neðri hæð af búningum



**ÚRVALIÐ**  
er að finna á FB-síðu  
Partýbúðarinnar

## ÖSKUDAGSOPNUN:

Helgin 22.-23. feb: kl. 10-18  
Bolludagur: kl. 10-21  
Sprengidagur: kl. 10-miðnættis

Sendum á landsbyggðina  
Frír sendingarkostnaður  
ef verslað er fyrir meira  
en 10.000 kr.

# PARTÝBÚÐIN

Finndu okkur á



Faxafeni 11 • Sími 534 0534





Beltone **Trust**<sup>™</sup>

# Hlustaðu á hjartað þitt



**Beltone Trust**<sup>™</sup> heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • [heyra.is](http://heyra.is)

**HEYRNARSTÖÐIN**









**THULE**<sup>®</sup>  
SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar



 **Stilling**  
*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)





# GEFÐU GÓÐA NÓTT Á KONUDAGINN

**Kally Sleep hrotukoddinn er á tilboði!**

Hannaður til að draga úr hrotum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hrotur geti minnkað um 50%!

#### Hágæða efni

Ysta lagið er úr blöndu af bómull og pólýester sem er mjög mjúk og andar vel.

#### Sérstakur S-laga svampur í miðju

Heldur höfði og hálsi í réttri stellingu til að opna öndunarveginn betur og auðvelda þannig öndun.



#### Holtrefjafylling

Mjúk en veitir um leið góðan stuðning. Hentar vel hvort sem þú sefur á bakinu eða hliðinni.



**Kynntu þér Kally hrotukoddann og hinar konudagsgjafirnar á [www.hopkaup.is](http://www.hopkaup.is)**

**50% afsláttur!**

**Aðeins 2.990 kr.**

Áður 5.990 kr.

**HÓPKAUP**

*...í krafti fjöldans!*

